

Fréttatilkynning

Ákvörðun samkeppnisráðs: **Lögmannafélag Íslands sektað fyrir brot á samkeppnislögum**

Á árunum 2001-2002 var saminn á vegum Lögmannafélags Íslands (LMFÍ) sk. kostnaðargrunnur fyrir lögmannsstofu. Í nóvember 2002 birti LMFÍ félagsmönnum sínum kostnaðargrunninn með upplýsingum um það hvert tímagjald lögmannna þyrfti að vera að lágmarki miðað við grunninn. Að mati samkeppnisráðs hvatti LMFÍ til hækkunar og samræmingar á gjaldskrá lögmannna með því að láta semja kostnaðargrunninn og birta hann. Það er niðurstaða samkeppnisráðs að Lögmannafélagið hafi brotið gegn bannákvæðum samkeppnislaga um ólögmeitt samráð.

Ólögmeitt samráð fyrirtækja eða hvatning hagsmunasamtaka til slíks athæfis er eitt alvarlegasta brot á samkeppnislögum. Samkeppnisráði þykir hæfilegt að LMFÍ greiði 3,5 m.kr. sekt í ríkissjóð vegna brotsins. Með vísan til þeirra krafna sem gera má til LMFÍ um þekkingu á samkeppnislögum og í ljósi þess að félagið hefur áður brotið gegn samkeppnislögum¹ telur samkeppnisráð enn ríkari ástæðu til að leggja á sektir til að tryggja að félagið hlíti bannákvæðum samkeppnislaga í framtíðinni.

Málavextir eru þeir að í lok ársins 2000 samþykkti stjórn LMFÍ að undirbúa skipun nefndar til að gera kostnaðargrunn fyrir lögmennt þar sem fjölmargir kostnaðarliðir í rekstri lögmannsstofa hefðu hækkað mikið án þess að sú hækkun hefði komið fram í hækkun tímagjalds lögmannna. Nefnd þessi var skipuð og hóf störf seint á árinu 2001. Í nóvember 2002 lagði nefndin endanlega skýrslu sína fyrir stjórn LMFÍ. Í skýrslunni segir m.a. að nefndin hafi verið skipuð með það að markmiði að taka saman upplýsingar um kostnað af rekstri lögmannsstofa og hvernig tímagjald skyldi reiknast miðað við tiltekna forsendur. Hvatinn að verkefni nefndarinnar hafi verið ófullnægjandi þóknun lögmannna í nefndum hins opinbera og of lág þóknun og tildæmdur málskostnaður hjá dómstólum. Þá hafi lögmennt almennt ekki hækkað tímagjald sitt í samræmi við verðlagsþróun og launaskrið undangenginna ára og hafi því dregist aftur úr öðrum starfsstéttum hvað afkomu snertir. Tekið er fram í skýrslunni að með kostnaðargrunninum sem henni fylgir sé ekki ætlunin að búa til viðmiðunargjald fyrir lögmannsstofur enda sé það ekki heimilt samkvæmt samkeppnislögum. Í skýrslunni segir þó að grunnurinn ætti að gagnast lögmenntum sem fyrirmynd við útreikning á tímagjaldi lögmannsstofanna út frá eigin rekstrarforsendum. Í lok skýrslu kostnaðargrunnsnefndar er reiknað út að miðað við gefnar forsendur þurfi tímagjald lögmannna að nema kr. 10.190 að lágmarki (kr. 12.686 með vsk.). Algengt tímagjald lögmannna var 7.500 kr. í árslok 2001 og því ljóst að

¹ Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 36/1997 Gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Þetta lágmarkstímagjald LMFÍ fól í sér hvatningu um verulega hækkun tímagjalds lögmanna.

Þann 26. nóvember 2002 sendi síðan LMFÍ skýrslu kostnaðargrunnsnefndar með tölvupósti til allra félagsmanna undir yfirskriftinni „*Skýrsla kostnaðargrunnsnefndar um rekstrarkostnað lögmannsstofu og útreikning tímagjalds.*“

Samkeppnisstofnun hóf rannsókn á því máli sem hér um ræðir í desember 2002. Niðurstaða samkeppnisráðs er eins og áður segir sú, að LMFÍ hafi með samþykkt sinni 13. desember 2000, með samningu skýrslu og kostnaðargrunns og birtingu skýrslunnar og grunnsins til félagsmanna, stuðlað að hækkun og samræmingu á gjaldskrár lögmanna og þannig brotið gegn 12., sbr. 10. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð telur hæfilegt að leggja á LMFÍ 3,5 m.kr. stjórnvaldssekt.

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 5/2004 (36 bls.) má finna á heimasíðu Samkeppnisstofnunar,
http://www.samkeppni.is/akvardanir_alit_umsagnir/akvardanir/2004/akv0504.pdf